

# NORRÆNA LEIÐIN

Ríkisreknar áfengiseinkasölur í Færeyjum, Finnlandi,  
Íslandi, Noregi og Svíþjóð



# NORRÆNA LEIÐIN

Á NORÐURLÖNDUM ER ÁLITIÐ AÐ HÖMLUR Á SÖLU ÁFENGRA DRYKKJA SÉU ÁHRIFARÍK AÐFERÐ TIL AÐ DRAGA ÚR ÞEIM SKAÐA SEM HLÝST AF ÁFENGISNEYSLU. Á ÖLLUM NORÐURLÖNDUNUM NEMA DANMÖRKU HEFUR HIÐ OPINBERA EINKALEYFI Á SÖLU ÁFENGIS Í VERSLUNUM.

## FÆREYJAR

Íbúafjöldi .....	50 þúsund
Verg þjóðarframleiðsla á hvern íbúa ...	47.279 USD <sup>1</sup>
Árleg áfengisneysla á mann .....	5,4 lítrar <sup>2</sup>
Sölumagn .....	1.851.000 lítrar
Velta .....	21.580.000 USD
Lágmarksaldur til áfengiskaupa .....	18 ár
Fyrirtæki .....	Rúsdrekkasøla Landsins

## FINNLAND

Íbúafjöldi .....	5,35 milljónir
Verg þjóðarframleiðsla á hvern íbúa ...	34.585 USD <sup>3</sup>
Árleg áfengisneysla á mann .....	8,3 lítrar <sup>2</sup>
Sölumagn .....	105.400.000 lítrar
Velta .....	1.560.267.200 USD
Lágmarksaldur til áfengiskaupa .....	18 ár (20 ár fyrir styrkleika yfir 22%) <sup>4</sup>
Fyrirtæki .....	Alko

## ÍSLAND

Íbúafjöldi .....	320 þúsund
Verg þjóðarframleiðsla á hvern íbúa ..	39.600 USD <sup>3</sup>
Árleg áfengisneysla á mann .....	5,5 lítrar <sup>2</sup>
Sölumagn .....	18.942.184 lítrar
Velta .....	220.470.630 USD
Lágmarksaldur til áfengiskaupa .....	20 ár
Fyrirtæki .....	Vínbúðin, ÁTVR

## NOREGUR

Íbúafjöldi .....	4,92 milljónir
Verg þjóðarframleiðsla á hvern íbúa ..	52.013 USD <sup>3</sup>
Árleg áfengisneysla á mann .....	5,4 lítrar <sup>2</sup>
Sölumagn .....	77.957.000 lítrar
Velta .....	1.914.333.000 USD
Lágmarksaldur til áfengiskaupa .....	18 ár (20 ár fyrir styrkleika yfir 22%) <sup>4</sup>
Fyrirtæki .....	Vinmonopolet

## SVÍÐJÓÐ

Íbúafjöldi .....	9,34 milljónir
Verg þjóðarframleiðsla á hvern íbúa ..	38.031 USD <sup>3</sup>
Árleg áfengisneysla á mann .....	6,1 lítri <sup>2</sup>
Sölumagn .....	417.300.000 lítrar
Velta .....	3.236.000.000 USD
Lágmarksaldur til áfengiskaupa .....	20 ár
Fyrirtæki .....	Systembolaget

## SAMTALS

Íbúafjöldi .....	20 milljónir
Árleg áfengisneysla á mann .....	7,3 lítrar
Sölumagn .....	621 milljón lítra
Velta .....	7.000 milljónir USD

1 Færejabanki 2009

2 Skráð neysla, samtals lítrar á mann af hreinum vínanda, 2009

3 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, 2010

4 Aldurstakmörk til kaupa á bjór og léttvíni er 18 ára en 20 ára til kaupa á drykkjum sem innihalda 22% vínanda eða meira.





#### NORRÆNA LEIÐIN Í HNOTSKURN

- Ríkisreknar verðslanir hafa einkaleyfi á smásölu á áfengum drykkjum
- Takmarkað aðgengi; fáir sölustaðir, bundinn afgreiðslutími og forvarnir til að sporna gegn heimabruggi
- Reglugerðir sem koma í veg fyrir að einstaklingar undir lögaldri eða sýnilega ólvaðir einstaklingar kaupi áfenga drykki
- Ekki leitast við að ná hámarks hagnaðar
- Hlutleysi í markaðssetningu vörumerkja; engri vöru er hampað á kostnað annarrar
- Höft á auglýsingum og markaðssetningu

Áfengi er ekki eins og hver önnur vara. Sölustarfsemi okkar er byggð á skýrt skilgreindu ábyrgðarhlutverki sem m.a. felst í þeirri staðreynd að við leitumst ekki við að hámarka hagnað okkar og við beitum ekki söluhvetjandi aðferðum. Ein af þeim leiðum sem tiltækar eru til að draga úr áfengisneyslu er að takmarka aðgengi með því að reisa skorður við fjölda sölustaða og lengd afgreiðslutíma. Norrænu áfengiseinkasölnar gegna mikilvægu hlutverki í að ná þessu markmiði.

JAFNVÆGIÐ  
MILLI  
ÁBYRGÐAR OG  
ÞJÓNUSTU



RÍKISREKNAR ÁFENGISVERSLANIR SEM TAKA MIÐ AF OPINBERRI LÝÐHEILSUSTEFNU HAFA REYNST ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL AÐ DRAGA ÚR ÞEIM SKAÐA SEM ÁFENGI VELDUR. Í ÞESSARI LEIÐ FELAST HÖMLUR SEM MIKILVÆGT ER AÐ NJÓTI STUÐNINGS ALMENNINGS ÚT FRÁ SKYNSEMISSJÓNARMÍÐUM. ÞETTA FELUR Í SÉR AÐ ÁFENGISEINKASÖLURNAR ÞURFA AÐ VIÐHALDA JAFNVÆGI MILLI SAMFÉLAGSLEGRAR ÁBYRGÐAR OG GÓÐRAR ÞJÓNUSTU.

#### ÁHERSLA Á ALMANNAHEILL

Fjölmargar rannsóknir leiða í ljós að bein tengsl eru á milli áfengisneyslu á mann og fjölda slysa og sjúkdóma sem tengjast áfengi: því meira áfengis sem neytt er, því meiri skaðsemi. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna er ríkis-einkaleyfi á smásölu áfengis ein áhrifaríkasta aðferðin til að draga úr áfengisneyslu og þar með fækka þeim vandamálum sem tengjast áfengi. Starfsemi allra ríkisreknu áfengis-einkasalanna á Norðurlöndum er byggð á samfélagslegri ábyrgð og megináherslan er á almannaheill fremur en fjárhagslegan ávinning.

Áfengiseinkasölur hafa ekkert með verndun heimamarkaðar að gera – raunar hið gagnstæða. Einkaleyfi felur í sér ábyrgð gagnvart samstarfsaðilum okkar. Óhlutdrægni, hlutleysi og gegnsæi eru hornsteinar starfsemi okkar.

#### FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

Einkaleyfi krefst þjónustu í háum gæðaflokki. Þetta þýðir að við leggjum mikla áherslu á hæfni starfsfólks sem hefur góða þekkingu á mat og drykk. Þar sem hlutleysis gagnvart vörumerkjum er gætt í verslunum okkar er forðast að gera upp á milli vörutegunda eða framleiðenda og þar með getur ráðgjöfin algjörlega verið með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.



Við erum stöðugt að þróa vöruúrvalið í samræmi við óskir og þarfir viðskiptavina og þjóðum fjölbreytt úrval af gæðavörum. Flestar verslanir okkar eru með sjálfsafgreiðslu en við veitum einnig heildstæða þjónustu á netinu.

#### VÍÐTÆKUR STUÐNINGUR

Við erum ólík öðrum smásöluaðilum að því leyti að við beitum ekki söluhvetjandi aðferðum. Norræna leiðin við smásölu áfengis á sér langa sögu og nýtur víðtæks stuðnings almennings. Samfélagsleg ábyrgð okkar er einn af þeim þáttum sem hafa mest áhrif á ánægju viðskiptavina. Stórar þjónustukannanir eru gerðar árlega í hverju landi og niðurstöðurnar staðfesta stöðu norrænu ríkisreknu áfengisverslananna í hópi bestu smásölu fyrirtækjanna. Norrænu áfengiseinkasölurnar hafa náð miklum árangri bæði hvað snertir ánægju viðskiptavina og stuðning almenningsálitsins við tilvist þeirra.

# SJÁLFBÆR AÐFANGAKEÐJA

NORRÆNU ÁFENGISEINKASÖLURNAR TAKA ENNFREMUR ÁBYRGA  
AFSTÖÐU GAGNVART VINNUSKILYRÐUM, MANNRÉTTINDUM,  
UMHVERFINU OG AÐGERÐUM GEGN SPILLINGU. MARKMIÐIÐ ER AÐ  
ALLAR VÖRUR SEM VIÐ SELJUM SÉU FRAMLEIDDAR VIÐ FÉLAGSLEGA  
OG SIÐFERÐILEGA VIÐUNANDI SKILMÁLA OG SKILYRÐI.

Allar áfengiseinkasölurnar á Norðurlöndum hafa frá árinu  
2008 unnið í samræmi við CSR – sem er alþjóðlegt viðmið  
um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja – að því markmiði að  
þróa sjálfbærar aðfangakeðjur fyrir áfenga drykki. Þetta  
hefur getið af sér siðareglur sem felldar verða inn í alla  
samninga við birgja frá ársbyrjun 2012. Siðareglurnar eru  
byggðar á alþjóðlegum samningum.

## SAMVINNA

Ríkisreknu áfengiseinkasölurnar á Norðurlöndum eru  
stórkaupendur að léttvíni, sterku öli og brenndum drykkjum.  
Með því að taka sameiginlega upp siðareglurnar getum við  
haft áhrif á aðfangakeðjuna.

## ALLRA HAGUR

Mikilvægt er að siðareglunum sé fylgt. Viðskiptavinir okkar  
og hagsmunaaðilar krefjast þess að mannréttindi séu virt,  
að vinnuskilyrði séu viðunandi og að ekki sé valdið óþarfa  
mengun við framleiðslu þeirra drykkjarvara sem við seljum.





# NORRÆNU ÁFENGISEINKASÖLURNAR

## FÆREYJAR

Rúsdrekkasöla Landsins

[www.rusdrekkasolalandsins.fo](http://www.rusdrekkasolalandsins.fo)

## FINNLAND

Alko

[www.alko.fi](http://www.alko.fi)

## ÍSLAND

ÁTVR

[www.atvr.is](http://www.atvr.is)

## NOREGUR

Vinmonopolet

[www.vinmonopolet.no](http://www.vinmonopolet.no)

## SVÍÐJÓÐ

Systembolaget

[www.systembolaget.se](http://www.systembolaget.se)



RÚSDREKKASÖLA  
LANDSINS



VÍNBUÐIN | ÁTVR



VINMONOPOLET

